

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 307/1991. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn**Hauki Sigurði Gunndórssyni**

(Örn Clausen hrl.).

Umferðarlög. Rangar sakargiftir.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson, Jónatan Þór-  
mundsson prófessor og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttar-  
lögmaður.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæru-  
valds skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. júní  
1991, og krefst hann þyngingar á refsingu ákærða.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann  
um annað en refsingu ákærða.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra  
hegningarlaga nr. 19/1940 og sakaferli ákærða, sbr. 5. tl. 1. mgr.  
70. gr. sömu laga. Ákærða gat ekki dulist, að rangar sakargiftir  
hans voru til þess fallnar að valda hinum sakaða manni verulegum  
miska. Á hinn bóginn ber að taka tillit til þess, hver viðurlög liggja  
við umferðarlagabrotum þeim, sem hinar röngu sakargiftir lutu að,  
sbr. 2. málslíð 1. mgr. 148. gr. hegningarlaganna. Brot sín játaði  
ákærði hreinskilnislega. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60  
daga fangelsi.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins,  
svo sem í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, Haukur Sigurður Gunndórsson, sæti fangelsi í 60  
daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin  
saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. maí 1991.**

Ár 1991, fimmtudaginn 23. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 279/1991: Ákærvaldið gegn Hauki Sigurði Gunndórssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. þ.m., á hendur ákærða, Hauki Sigurði Gunndórssyni, áður að Laugavegi 27 í Reykjavík, nú að Reykjavíkurvegi 16 í Hafnarfirði, fæddum 28. september 1961, fæðingarnúmer 353.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir eftirgreind brot á árinu 1990:

#### **I.**

Fyrir að aka í myrkri að kvöldi fimmtudagsins 13. september bifhjólinu G-10095 án ökuréttinda austur Suðurlandsbraut í Reykjavík með allt að 91 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla frá Vegmúla.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., staflíð a og b, 36. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

#### **II.**

Fyrir að hafa, er lögreglan stöðvaði akstur ákærða vegna ofangreinds umferðarlagabrots, sagst vera Sveinn Sigurður Kjartansson, Laugavegi 27, með kennitöluna 060767-5649, og síðan mætt í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 20. desember sem sá maður og játað sakir og undirritað framburðarskýrslu með því nafni og með þessu leitast við að koma því til leiðar, að Sveinn Sigurður yrði sakaður um brotið, sem gekk eftir, því að Sveinn Sigurður var boðaður í sakadóm Reykjavíkur 22. janúar 1991 og sakaður um það.

Telst þetta varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### *Málavextir eru þessir:*

Fimmtudagskvöldið 13. september sl. klukkan 21.35 var bifhjólið G-10095 stöðvað, eftir að tveir lögreglumenn höfðu mælt hraða þess með ratsjá á vegarkafla frá Vegmúla austur Suðurlandsbraut, og sýndi ratsjáin, að hjólinu var ekið með 91 km hraða, en leyfður hámarkshraði á akbrautinni var 50 km. Ratsjáin var í kyrrstæðri lögreglubifreið.

Ökumaður bifhjólsins kvaðst heita Sveinn Sigurður Kjartansson, Laugavegi 27 í Reykjavík. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli hjólsins, en rengdi ekki mældan hraða. Þá hafði hann ekki ökuskírteini meðferðis, en kvað ökuleyfi sitt í lagi, og væri það útgefið í Reykjavík.

Fimmtudaginn 20. desember sl. klukkan 10 árdegis mætti hjá rannsóknardeild lögreglunnar maður, sem kvaðst heita ofangreindu nafni, og gaf hann Rúnari Sigurðssyni rannsóknarlögreglumanni skýrslu um atburðinn, og er hún á þessa leið:

„Ég vefengi ekki mælingu lögreglunnar. Ég var á leið til austurs á bifhjólinu eftir Suðurlandsbraut. Ég hafði ekið á umferðarhraða, þar til ég ók fram úr bifreið. Þá jók ég hraðann, en var mældur í því. Ég var með ökuskírteini mitt meðferðis, en það var í þar til gerðu hólfi undir sæti bifhjólsins, en ég náði ekki að losa það á staðnum til þess að framvísa því. Ég hef ekki neitt frekar um málið að segja.“

Málið var nú sent yfirsakadómara með bréfi, dags. 3. janúar sl., og í framhaldi af því boðaði fulltrúi hans, Júlíus B. Georgsson, Svein Sigurð Kjartansson á sinn fund til þess að kynna honum kærana. Mætti Sveinn Sigurður á fund fulltrúans 22. janúar, og var honum þá kynnt kæruefnið, án þess að dómþing væri formlega sett. Hann kannaðist ekki við að hafa ekið bifhjólinu umrætt sinn og kvaðst á þessum tíma hafa verið erlendis. Þá kannaðist hann ekki við að hafa mætt hjá rannsóknardeildinni. Kvaðst hann gruna ákærða, Hauk Sigurð Gunndórsson, um að hafa verið þarna á ferð, en hann hefði keypt af sér umrætt bifhjól.

Sveinn Sigurður gaf rannsóknardeild lögreglunnar skýrslu um málið 7. febrúar sl. og staðfesti þá enn, að hann hefði verið erlendis, þegar lögreglan hafði afskipti af ökumanni bifhjólsins.

Ákærði, Haukur Sigurður Gunndórsson, viðurkenndi hjá rannsóknardeild lögreglunnar 8. febrúar sl., að hann hefði verið ökumaður bifhjólsins umrætt sinn, og hefði hann þá gefið upp sem sitt nafn nafn Sveins Sigurðar, heimilisfangið Laugaveg 27, Reykjavík, kt. 060767-5649, s. 19134, en allt hefði þetta verið rangt nema heimilisfangið. Ákærði sagði ástæðuna fyrir þessu þá, að hann hefði verið réttindalaus, og þarna á staðnum hefði gripið sig einhver örvænting, og hafi hann verið að reyna að bjarga sér út úr málinu. Kvaðst ákærði hafa iðrast mikið að hafa gert þetta. Hann kvaðst hafa tekið munnlegt ökuþróf, en ekki farið í verklegt, þegar þetta átti sér stað, og hefði hann orðið hræddur um, að hann myndi ekki fá ökuleyfið, ef hann yrði tekinn próflaus á hjólinu.

Ákærði staðfesti, að hann væri eigandi hjólsins, og hefði hann keypt það af Sveini Sigurði, en skráð það á nafn bróður síns. Þá hefði hann umrætt sinn notað nafn og fæðingardag Sigurðar Sveins.

Ákærði hefur við meðferð málsins játað í einu og öllu það, sem honum

er gefið að sök í ákæru, og hafi hann í myrkri að kvöldi fimmtudagsins 13. september sl. ekið bifhjólinu G-10095 án ökuréttinda austur Suðurlandsbraut í Reykjavík með allt að 91 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli frá Vegmúla, og er hann var stöðvaður af lögreglu vegna framangreinds brots, sagt, að hann væri áðurgreindur Sveinn Sigurður með framangreinda kennitölu. Þá hafi hann komið í skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar sem Sveinn Sigurður og játað framangreindar sakir vegna akstursins og í lokin undirritað framburðarskýrslu með nafni Sveins Sigurðar, en allt þetta leiddi til þess, að Sveinn Sigurður var boðaður í dóminn 22. janúar sl. og sakaður um brotin, eins og áður er fram komið.

Vitnið Sveinn Sigurður Kjartansson, Lindargötu 11 í Reykjavík, hefur við meðferð málsins staðfest framangreindan framburð sinn hjá rannsóknardeild lögreglunnar.

Þá hafa vitnin Daníel Eyþórsson og Karl Hjartarson lögreglumenn staðfest, að þau hafi mælt hraða bifhjólsins umrætt sinn með ratsjá, og hafi það verið á 91 km hraða. Enn fremur hafa þessi vitni staðfest, að ákærði hafi gefið upp, þegar hann var stöðvaður, nafn Sveins Sigurðar.

Loks hefur vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður staðfest við meðferð málsins, að ákærði hafi gefið sér áðurgreinda skýrslu í nafni Sveins Sigurðar og ritað undir hana nafn hans.

#### *Niðurstöður.*

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæða.

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði þrisvar sætt refsingu og ökuleyfisviptingu fyrir ölvunarakstur, síðast 1986, er hann var sviptur leyfinu ævilangt, en honum var veiti það að nýju 1989.]

#### *Refsing.*

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli hans. Þá ber einnig að líta á, að brot ákærða samkvæmt síðari kafla ákæru er ófyrirleitið, enda þótt hvatir ákærða að baki því hafi verið að reyna að bjarga eigin hag, en ekki sérstaklega til þess hugsaðar að valda Sveini Sigurði miska. Gaf ákærði upp við lögreglu nafn saklauss manns, er hann var stöðvaður, og stóð áfram við þá gerð sína, er hann mætti hjá rannsóknardeild lögreglunnar til skýrslugjafar meira en þremur mánuðum síðar og ritaði nafn hans undir framburðarskýrslu. Gat ákærða ekki dulist, að til þess gæti komið, að hinn saklausi maður yrði sakaður um brot hans, enda leiddi þetta til þess, að vitnið Sveinn Sigurður var boðað í dóminn sem kærður maður. Loks ber á það

að líta, að ákærði framdi brot sitt, á meðan hann var enn á skilorði. Rannsókn málsins hófst þó ekki fyrir lok skilorðstímans með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 59. gr. almennra hegningarlaga, og verður því ekki um það að ræða, að skilorðsbundna refsingin verði felld inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, sbr. 1. mgr. 60. gr. sömu laga. Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda vegna þeirra atriða, sem getið er hér að framan.

#### *Sakarkostnaður.*

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

#### *Saksókn.*

Gunnar Stefánsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Haukur Sigurður Gunndórsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

---